



### Til atvinnu- og nýsköpunarnefndar

Ég hef verið að vinna að Ævintýrakortinu, þýðingu þess og uppfærslu í vetur að beiðni atvinnu og nýsköpunarnefndar og ferðapjónustuaðila á svæðinu, enda er þetta eini kynningarbæklingur okkar í sveitarfélaginu fyrir ferðamenn og hefur vakið mikla lukku meðal ferðafólks.

Fyrsta upplag var prentað árið 2014 og var að mestu fjármagnað af Þekkingarneti Þingeyinga og með auglýsingakostnaði ferðapjónustuaðila, nú eru þau eintök að verða búin og því farið í þá vegferð að prenta fleiri kort, uppfæra þjónustuaðila og svæðinu og þýða kortið á ensku.

Gerð var áætlun um að ferðapjónustuaðilar dekki prentun með auglýsingakostnaði, ég fékk styrk frá Norðurhjara um hluta hönnuðarkostnaðar og var einnig búin að undir stinga sveitarfélagið að borga það sem út af stæði í hönnunarkostnaði sem við vorum að gera ráð fyrir að væri mögulega 150-200 þúsund.

Nú var ég að fá loka reikning frá grafíska hönnuðinum upp á 491 þús. kr. svo það reikningsdæmi gengur ekki alveg upp líkt og ég var búin að

Ég var búin að láta mér detta í hug að hluti af pening Hugvitsdvalar (1.000.000kr) gæti farið upp í þennan kostnað en þar gerði ég ráð fyrir 100.000kr í hönnun á vörumerki sem ég hef sjálf gert svo ekki hefur þurft að eyða pening í það. Annars hvað segið þið um þetta. Rúmast þetta innan fjármagns sem sett er í markaðsmál á vegum sveitarfélagsins?

Kveðja

Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Verkefnastjóri Kistunnar  
sigridur@hac.is

**KISTAN**  
Þekking og Þróun